



Fréttatilkynning
17 September 2026 16:44:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Niðurstaða útboðs á skuldabréfum í íslenskum krónum sem telja til eiginfjárbáttar 2

Íslandsbanki hf. lauk í dag útboði á nýjum flokki skuldabréfa sem telja til eiginfjárbáttar 2 (e. Tier 2), ISB T2 36, fyrir samtals 1.400 m.kr. Heildareftirspurn í útboðinu var 3.300 m.kr.

Samþykkt tilboð í flokkinn ISB T2 36 voru samtals 1.400 m.kr. á 1,02% álagi á 1 mánaða REIBOR. Heildartilboð voru 3.300 m.kr. á álagi á bilinu 0,79% til 2,00%.

ISB T2 36 er óverðtryggður skuldabréfaflokkur með mánaðarlegum fljótandi vaxtagreiðslum á grundvelli eins-mánaðar REIBOR vaxtagrunni (hér eftir „skuldabréfin“). Lokagjaldldagi skuldabréfanna er 24. september 2036 með innköllunarheimild af hálfu útgefanda í september 2031 og á öllum vaxtagjaldldögum þar á eftir.

Stefnt er að töku skuldabréfanna til viðskipta á Nasdaq Iceland þann 24. september 2026.

Skuldabréfin verða gefin út undir fjögurra milljarða evra Euro Medium Term Notes (EMTN) útgáfuramma Íslandsbanka.

Grunnlýsingu útgáfurammans má finna á vefsíðu fjárfestatengsla: <https://www.islandsbanki.is/is/vara/bankinn/fjarmognun-bankans>.

Umsjónaraðili útboðsins var Verðbréfamiðlun Íslandsbanka.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl, ir@islandsbanki.is

Fyrirspurnir frá fjölmiðlum, pr@islandsbanki.is

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Niðurstaða útboðs á skuldabréfum í íslenskum krónum sem telja til eiginfjárbáttar 2](#)